

Fréttatilkynning

Efni: Könnun MMR á afstöðu fólks til ráðstöfunar hlutafjár í Högum


Úrtak: Íslendingar á aldrinum 18-67 ára

Dagsetning: 23. febrúar 2010

80,1% eru frekar eða mjög andvíg því að Jóhannes Jónsson (Jóhannes í Bónus), starfandi stjórnarformaður Haga, fái að kaupa allt að 10% hlut í Högum af Arion Banka.


MMR kannaði hversu fylgjandi eða andvíg fólki væri gagnvart því að Jóhannes Jónsson (Jóhannes í Bónus), starfandi stjórnarformaður Haga, fengi að kaupa allt að 10% hlut í Högum af Arion Banka. Af þeim sem tóku afstöðu voru í heild 80,1% sem sögðust frekar eða mjög andvíg hugmyndinni. Skipt eftir einstökum svörum voru 59,1% sem sögðust mjög andvíg, 21,0% sögðust frekar andvíg, 12,9% sögðust frekar fylgjandi og 7% sögðust mjög fylgjandi því að Jóhannes Jónsson fengi að kaupa allt að 10% hlut í Högum. Lítil munur mældist á afstöðu svarenda eftir kyni, aldri, búsetu og heimilistekjum. Í öllum hópum sögðust yfir 75% vera andvíg því að Jóhannes Jónsson fengi að kaupa allt að 10% hlut í Högum.

Hversu fylgjandi eða andvíg(ur) ertu því að Jóhannes Jónsson (Jóhannes í Bónus), starfandi stjórnarformaður Haga, fái að kaupa allt að 10% hlut í Högum af Arion banka?



Spurt var: "Hversu fylgjandi eða andvíg(ur) ertu því að Jóhannes Jónsson (Jóhannes í Bónus), starfandi stjórnarformaður Haga, fái að kaupa allt að 10% hlut í Högum af Arion Banka? (Hagar eru móðurfélag Hagkaups, Bónuss og fleiri verslana)."
 Samtals tóku 82,9% afstöðu til spurningarinnar.

**Hversu fylgjandi eða andvíg(ur) ertu því að Jóhannes Jónsson (Jóhannes í Bónus),
 starfandi stjórnarformaður Haga, fái að kaupa allt að 10% hlut í Högum af Arion banka?
 -þeir sem sögðu „frekar/mjög andvíg(ur)" eða „frekar/mjög fylgjandi"-**



Upplýsingar um framkvæmd:

Úrtak: Einstaklingar á aldrinum 18-67 ára valdir handahófskennt úr hópi álitsgjafa MMR*

Könnunaraðferð: Síma- og netkönnun*

Svarfjöldi: 902 einstaklingar

Dagsetning framkvæmdar: 12.-17. febrúar 2010

Nánari upplýsingar veitir: Ólafur Þór Gylfason (olafur@mmr.is).

Notkun heimil svo lengi sem heimilda (vörumerkis MMR) er getið.

Allur réttur áskilinn: 2006 © Markaðs- og miðlarannsóknir ehf.

MMR starfar samkvæmt siðareglum ESOMAR, alþjóðasamtökum markaðsrannsóknafyrirtækja.

* Hópur álitsgjafa MMR telur liðlega 12.000 einstaklinga sem valdir hafa verið með tilviljunarúrtaki úr þjóðskrá og fengnir til þátttöku í netkönnunum með símakönnun. Viðurkenndum aðferðum er beitt svo svörun endurspegli lýðfræðilega samsetningu þjóðskrár. Hópurinn er endurnýjaður vikulega allt árið um kring til að bæta fyrir brottfall og tryggja eðlilega endurnýjun.